



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 59/2019

Vaxtaendurskoðun veðskuldabréfa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofu bárust ábendingar frá neytendum um vaxtaendurskoðun veðskuldabréfa með breytilegum vöxtum hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna í kjölfar tilkynningar frá sjóðnum, sem birtur var á vefsíðu hans þann 24. maí 2019. Í bréfi Neytendastofu til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, dags. 5. júlí 2019, var til þess vísað að í tilkynningunni kæmi eftirfarandi fram:

„Breytilegir vextir verðtryggðra sjóðfélagalána, sem eru nú 2,06% verða 2,26% frá og með fimmtudeginum 1. ágúst 2019.

Undanfarin ár hafa breytilegir vextir verðtryggðra lána tekið sjálfkrafa breytingum í samræmi við breytingu á ávöxtunarkröfu skuldabréfaflokksins HFF150434. Viðskipti með þennan skuldabréfaflokk hafa farið verulega minnkandi undanfarin misseri og er hann því ekki eins virkt viðmið fyrir vexti og áður.

Stjórn sjóðsins samþykkti því breytingar á lánareglum þannig að í stað viðmiðs við nefndan skuldabréfaflokk verða breytilegir vextir sjóðfélagalána ákvarðaðir af stjórn.“

Af þessu tilefni vilji Neytendastofa vekja athygli lífeyrissjóðsins á ákvæði 34. gr. laga nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda, þar sem fjallað sé um lán með breytilegum vöxtum. Sambærileg ákvæði séu í f. lið 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, sem gildi um lánessamninga um fasteignalán útgefna á tímabilinu 1. nóvember 2013 til 1. apríl 2017. Þá séu einnig sambærileg ákvæði í 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, sem gildi um lánessamninga útgefna fyrir 1. nóvember 2013.

Neytendastofa telji tilefni til að taka til skoðunar hvort skilmálar veðskuldabréfa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna uppfylli skilyrði 34. gr. laga nr. 118/2016, sbr. f. lið 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 og 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, eftir því sem við á og hvort fullnægjandi upplýsingar séu veittar um skilyrði og málsmeðferð við breytingu vaxta.



Óskaði Neytendastofa eftir afriti af lánessamningum með vaxtaendurskoðunarákvæði auk skýringa eða athugasemda lífeyrissjóðsins.

2.

Svar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna barst með bréfi, dags. 1. ágúst 2019, þar sem stofnuninni voru send afrit af umbeðnum lánessamningum. Í bréfinu segir að á fundi stjórnar sjóðsins þann 23. maí 2019 hafi verið samþykktar breytingar á vöxtum verðtryggðra sjóðfélagalána. Þær hafi lotið annars vegar að vöxtum verðtryggðra lána með breytilegum vöxtum og hins vegar að vöxtum verðtryggðra lána með föstum vöxtum. Til grundvallar breytingunni hafi legið greining á forsendum ákvarðana um vexti slíkra lána og það rökstudda mat lífeyrissjóðsins að það viðmið sem verðtryggðir breytilegir vextir hafi verið miðaðir við, þ.e. skuldabréfaflokkinn HFF150434, væri ekki nothæft viðmið til að verðleggja vexti sjóðfélagalána. Það mat hafi fyrst og fremst byggt á því að verðmyndun HFF150434 væri ekki lengur skilvirk vegna takmarkaðra viðskipta sem m.a. endurspeglar í takmarkaðri viðskiptavakt með bréfin.

Nánar tiltekið hafi ákvörðun stjórnarinnar lotið annars vegar að því að lækka fasta vexti verðtryggðra sjóðfélagalána úr 3,6% í 3,4% vegna nýrra lána. Hins vegar að því að falla frá því að miða vexti verðtryggðra sjóðfélagalána við HFF150434 að viðbættu 0,75 prósentustiga álagi. Þess í stað sé nú byggt á viðurkenndri aðferðarfræði við verðlagningu vaxta þar sem tekið sé tillit til þeirra áhættuþátta sem bætist við tiltekið skuldabréf þegar ekki sé um ríkistryggingu að ræða. Ákvörðunin feli það í sér að vextir séu ákvarðaðir af stjórn að fenginni tillögu eignastýringar sjóðsins. Þannig hafi verið fallið frá viðmiði við HFF150434, þar sem verðmyndun þess flokks sé talin mjög óskilvirk, og í stað þess ákveðið að byggja á aðferðarfræði sem byggir á grunnvöxtum sem séu nú RIKS 30 0701, að viðbættu álagi sem samanstandi af reiknuðu álagi m.t.t. sértryggðra skuldabréfa, skuldaraálagi, seljanleikaálagi, uppgreiðsluálagi og umsýsluálagi. Markmiðið hafi verið að móta eins hlutlægan grunn og kostur hafi verið til grundvallar ákvörðunar verðtryggðra breytilegra vaxta sjóðfélagalána að teknu tilliti til vaxtaumhverfis, skuldabréfaútgáfu og virkni skuldabréfamarkaða hér á landi í dag. Ákvörðun þessi gildi bæði um útistandandi lán og ný lán.

Ákvörðun stjórnar þann 23. maí s.l. hafi jafnframt falið í sér að tekin hafi verið upp sambærileg aðferðarfræði við verðlagningu sjóðfélagalána með föstum verðtryggðum vöxtum annars vegar og breytilegum verðtryggðum vöxtum hins vegar. Með því sé betur gætt samræmis við verðlagningu þessara lána.

Varðandi það að láta breytingu á ákvörðun vaxta verðtryggðra sjóðfélagalána með breytilegum vöxtum einnig ná til útistandandi lána hafi, eins og að framan greini, verið litið til þess að skuldabréfaflokkurinn HFF150434 endurspeglar ekki lengur eðlilegan verðtryggðan vaxtaferil. Halda megum því fram að þar sem viðskipti með bréfin séu mjög takmörkuð uppfylli þau ekki lengur kröfur skilvirkis skuldabréfamarkaðar um gagnsæi, verðmyndun og seljanleika. Það viðmið sem Lífeyrissjóður verzlunarmanna hafi notað til að ákvarða vexti á verðtryggðum



sjóðfélagalánum með breytilegum vöxtum hafi vegna framangreindrar þróunar HFF150434 leitt til þess að orðið var ósamræmi í verðlagningu á vöxtum til sjóðfélaga og við aðra vexti á markaði. Varðandi aðra vexti á markaði sé vísað til ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa traustra lögaðila.

Í samræmi við lög, samþykktir og fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og til þess að tryggja sanngirni og jafnræði milli sjóðfélaga hafi stjórn sjóðsins talið rétt og málefnalegt að breyta vöxtum verðtryggðra lána með breytilegum vöxtum. Ákvörðunin grundvallist á ítarlegri greiningu og gögnum. Með ákvörðuninni hafi, eins og fram sé komið, verið tekin upp sambærileg aðferðafræði fyrir verðtryggða fasta vexti og verðtryggða breytilega vexti. Eftir breytinguna sé betra samræmi milli verðlagningar verðtryggðra sjóðfélagalána sem Lífeyrissjóður verzlunarmanna býður sjóðfélögum. Með þessu sé leitast við að gæta meðalhófs, sanngirni og jafnræðissjónarmiða.

Þá sé bent á að vextir af verðtryggðum lánum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna með breytilega vexti séu með því lögsta sem bjóðist á innlendum lánamarkaði, hvort heldur sem lítið sé til stöðunnar 23. maí 2019 eða eins og hún hafi verið um miðjan júlí 2019.

Með bréfinu fylgi afrit af lánasamningum með vaxtaendurskoðunarákvæði á þremur tímabilum:

- i) Frá 14. desember 2000 til 1. nóvember 2013, þ.e. frá þeim tíma sem gerð hafi verið breyting á lögum nr. 121/1994 og gildissvið þeirra útvíkkað með þeim hætti að þau náðu til fasteignalána til einstaklinga, fram að gildistöku nýrra laga um neytendalán, nr. 33/2013.
- ii) Frá og með 1. nóvember 2013 til 1. apríl 2017, þ.e. frá gildistöku laga nr. 33/2013 og fram að gildistöku laga nr. 118/2016.
- iii) Frá og með 1. apríl 2017 til 23. maí 2019, þ.e. frá gildistöku laga nr. 118/2016 fram að ákvörðunar stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um breytingu á ákvörðun vaxta sjóðfélagalána með breytilega verðtryggða vexti.

Um sé að ræða þrjár tegundir skuldabréfa sem gefin hafi verið út á framangreindum tímabilum og miðist notkun þeirra við ofangreind tímamörk. Varðandi vaxtaákvæði í einstökum bréfum þá séu þau svohljóðandi, í sömu röð og tímabilin sem tilgreind séu að ofan:

- i) Í gildistíð laga nr. 121/1994 sagði um vexti í skuldabréfunum: „*Í vexti af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, ber mér/oss að greiða vexti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins, þó eigi hærri en hæstu leyfilega vexti af verðtryggðum lánum á hverjum tíma.*“
- ii) Samhliða setningu laga nr. 33/2013 hafi skilmálum skuldabréfa sjóðsins verið breytt og segi þar um vexti: „*Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðir*



skuldari vexti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins. [...] Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að miða vaxtaákvörðun við viðmiðunargengi, tiltekna viðmiðunarvexti eða vísitölu að viðbættu ákveðnu álagi. Ef miðað er við slíkt viðmið skal upplýsa skuldara um breytingar á útlánsvöxtum eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Vextir taka nú breytingum 15. hvers mánaðar og eru 0,75% hærri en meðalaávöxtun í síðasta mánuði á flokki íbúðabréfa HFF150434. Vaxtabreytingar samkvæmt ákvörðun stjórnar, þ.m.t. um breytt vaxtaviðmið, eru birtar á vefsíðu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (live.is) eða með öðrum opinberum hætti eftir ákvörðun stjórnar.“

iii) Við setningu laga nr. 118/2016 var bætt við ákvæði skuldabréfa lífeyrissjóðsins frá 2013 eftirfarandi setningu: „Við ákvörðun vaxta er einkum horft til vaxta sem ákvarðaðir eru af Seðlabanka Íslands, ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréfum á markaði, sögulegrar og væntrar verðbólgu, vaxtakjara á markaði fyrir sambærileg lán og áhættumat sjóðsins.“

Eins og að framan sé rakið byggir breyting Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á vöxtum útistandandi verðtryggðra lána m.a. á því að það viðmið sem stuðst hafi verið við fram til þessa hafi mun takmarkaðra gildi en áður þar sem forsendur fyrir verðmyndun skuldabréfaflokksins HFF150434 hafi veikst. Í stað þess sé eins og að framan greini miðað við ákvörðun stjórnar sem byggir á skilgreindri aðferðafræði, þ.e. nú RIKS 30 0701 að viðbættu reiknuðu álagi sem byggir á fimm skilgreindum þáttum sem samanstandi af reiknuðu álagi m.t.t. sértryggðra bréfa, skuldaraálagi, seljanleikaálagi, uppgreiðsluálagi og umsýsluálagi. Markmiðið sé að móta eins hlutlægan grunn og kostur sé miðað við innlent vaxtaumhverfi, takmarkaða útgáfu ríkisskuldabréfa og virkni viðskipta með ríkisskuldabréf.

Í þeim tilgangi að auka enn frekar gagnsæi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga sé það til skoðunar að birta framangreind viðmið opinberlega á vef sjóðsins og eftir atvikum í lánareglum. Það yrði þá líklega gert með þeim hætti að fram kæmi að:

Breytilegir verðtryggðir vextir taki nú mið af ávöxtunarkröfu skuldabréfaflokksins RIKS30 að viðbættu álagi. Álagið sé metið heildstætt og byggir nú á eftirfarandi þáttum: ávöxtunarkröfum sértryggðra bréfa, seljanleika bréfanna, uppgreiðsluálagi, skuldaraálagi og umsýsluálagi. Byggt sé á því að stjórn taki að lágmarki ársfjórðungslega, á grundvelli framangreindra þátta, til skoðunar hvort tilefni sé til breytinga á vöxtum. Viðmið varðandi vexti geti tekið breytingum eftir ákvörðun stjórnar í samræmi við ákvæði skuldabréfa.

Hér væri ekki um að ræða breytingu á efnislegum forsendum gildandi ákvörðunar heldur með hvaða hætti hún sé birt.

Óskað er afstöðu Neytendastofu til þess hvort opinber birting forsendna vaxtaákvörðunar með þeim hætti sem að framan greini sé til bóta m.t.t. neytendasjónarmiða.



Um skuldabréf útgefin í gildistíð laga nr. 121/1994, sbr. lög nr. 179/2000, segir í bréfinu að með lögum nr. 30/1993, um neytendalán, séu fyrst innleiddar í íslenskan rétt sérstakar reglur um svonefnd neytendalán. Með lögnum hafi tilskipun EB nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og fyrirmælum aðildarríkja EB um neytendalán verið innleidd hér á landi í samræmi við skuldbindingar skv. EES-samningnum. Tilgangur tilskipunarinnar hafi verið að samræma reglur um neytendalán til að tryggja betur samkeppni á neytendalánamarkaði og jafna réttarstöðu neytenda. Með lögnum, eins og í tilskipuninni, hafi fasteignalán verið undanskilin umræddum reglum.

Með lögum nr. 121/1994 hafi verið gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum laganna frá 1993 en fasteignalán séu áfram utan gildissviðs laganna, eins og í tilskipun EB.

Með lögum nr. 179/2000 séu síðan gerðar breytingar á lögnum frá 1994, m.a. á þann veg að nú séu fasteignalán felld undir lög. Unnið hafi verið að þessum tillögum til breytinga á lögnum í viðskiptaráðuneytinu og í tillögum ráðuneytisins hafi ekki verið gert ráð fyrir því að lög in tækju til fasteignalána. Í meðförum þingsins hafi hins vegar komið fram tillaga þess efnis. Á sínum tíma hafi lítið farið fyrir breytingunni og lítil kynning verið á henni. Til að mynda hafi samtök lífeyrissjóða ekki komið þar að. Kunni það að skýrast af því að almennt hafi ekki verið litið svo á að lán lífeyrissjóða til sjóðfélaga sinna væru á samkeppnismarkaði. Lán þeirra hafi ekki staðið almenningi til boða heldur eingöngu sjóðfélögum viðkomandi lífeyrissjóðs og þá að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Af því hafi leitt að þörfin fyrir slíkar reglur af samkeppnisástæðum væri ekki með sama hætti og við lánveitingar á hinum almenna lánamarkaði.

Með framangreindri breytingu á lögum nr. 121/1994, sbr. lög nr. 179/2000, komi áskilnaður um að tilgreina skuli með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist. Í lögnum sé ekki nánari leiðsögn um með hvaða hætti þetta skuli gert eða hvað teljist nægjanlegt í þeim efnunum. Texta í skuldabréfum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, á lánnum til sjóðfélaga með breytilega vexti, hafi á þessum tíma ekki verið breytt af þessu tilefni heldur áfram vísað til þess að þeir væru breytilegir samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins, en gætu aldrei orðið hærri en hæstu leyfilegu vextir af verðtryggðum lánnum, eins og þeir voru ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands. Talið var að það fullnægði alveg áskilnaði laganna, sérstaklega í ljósi þess að um lán til tiltekins hóps væri að ræða sem þurfti auk þess að uppfylla tiltekin skilyrði og jafnframt þess að vaxtakjör og önnur lánskjör voru hagstæðari en almennt buðust á hinum almenna neytendalánamarkaði. Auk þess byggji ákvörðun stjórnar um vexti á áskilnaði laga um ávöxtun iðgjalda sem nánar sé kveðið á um í samþykktum sjóðsins og fjárfestingarstefnu sem liggi fyrir á hverjum tíma. Aldrei hafi heldur komið fram athugasemdir opinberra aðila um að framangreint ákvæði í skuldabréfum sjóðsins væri ekki fullnægjandi.

Hvað varði vaxtabreytingu stjórnar sjóðsins þann 23. maí s.l. sé nauðsynlegt að líta til þess að upp hafi komið réttmætt og málefnalegt tilefni til þess að hverfa frá því vaxtaviðmiði sem stuðst hafi verið við um langan tíma. Þá hafi einnig alltaf legið fyrir og ekki geta komið á óvart að það



kæmi að því að breyta þyrfti vaxtamiðmiðinu þar sem skuldabréfaflokkur HFF150434 sem miðað hafi verið við hafði skilgreindan líftíma. Þá séu ákvæði bréfanna alveg skýr um það að vextir séu breytilegir og það samkvæmt ákvörðun stjórnar. Að framan sé því lýst að verðmyndun þessa skuldabréfaflokks hafi veikst verulega. Það hafi leitt til bjögunar í verðmyndun sem geti bæði leitt til órókrétrar hækkunar eða lækkunar. Það liggi því í eðli máls að lántaki megi gera ráð fyrir því að breytingar kunni að verða á vaxtaviðmiðum á lánstímanum. Hann megi hins vegar vænta þess að þær séu eðlilegar og málefnalegar og að þær séu byggðar á fjármálafræðilegri nálgun. Lífeyrissjóður verzlunarmanna telji með vísan til þess sem að framan sé rakið að þannig sé því háttáð um ákvörðun stjórnar sjóðsins þann 23. maí 2019.

Varðandi þann áskilnað í lögum nr. 121/1994, sbr. lög nr. 179/2000, um að tilgreina skuli með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist kann að koma til skoðunar hvort ákvæði skuldabréfsins uppfylli að öllu leyti formkröfur laganna. Við það beri að mati Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að líta til þess að það leiði af eðli máls að lögmætt tilefni hafi verið til þess að taka upp annað viðmið, sbr. það sem að framan hafi verið rakið.

Um skuldabréf útgefin í gildistíð laga nr. 33/2013 segir í bréfinu að eins og getið sé að framan hafi, í tengslum við setningu laga nr. 33/2013, skilmálum skuldabréfa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna með breytilegum vöxtum verið breytt. Fram komi í ákvæðinu að vextir séu samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins. Einnig komi þar fram að heimilt sé að miða vaxtaákvörðun við viðmiðunargengi, tiltekna viðmiðunarvexti eða vísitölu að viðbættu ákveðnu álagi og sé það gert skuli upplýsa lántaka um breytingar útlánsvaxta eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Þá sé tekið fram að vextir taki nú mið af meðalvöxtum á flokki íbúðabréf HFF150434 með 0,75% álagi og breytist í samræmi við hana 15. hvers mánaðar, en eins og fyrir liggi sé verið að breyta þessu viðmiði hjá sjóðnum af ástæðum sem nánari grein sé gerð fyrir í bréfinu. Í ákvæði skuldabréfsins sé síðan tekið fram að allar vaxtabreytingar séu birtar á heimasíðu sjóðsins eða á annan opinberan hátt.

Framangreint vaxtaákvæði í þessum skuldabréfum taki mið af ákvæði f. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013, sbr. f. lið 4. mgr. 7. gr. laganna. Í texta þessara lagaákvæða sé ekki að finna nánari leiðbeiningu um með hvaða hætti skilyrði laganna um þetta séu uppfyllt, né heldur er hana að finna í greinargerð er fylgdi frumvarpi að lögunum, hvorki undir 12. gr. né 7. gr. þeirra. Lífeyrissjóður verzlunarmanna telji ákvæði skuldabréfanna í samræmi við áskilnað laganna um þetta, enda hafi sjóðurinn ekki fengið neinar athugasemdir um að ákvæðið sé ekki í samræmi við lög.

Að öðru leyti sé vísað til athugasemda sem að framan hafi komið.

Um skuldabréf útgefin í gildistíð laga nr. 118/2016 segir í bréfinu að við setningu laganna hafi verið bætt við vaxtaákvæði skuldabréfa eftirfarandi setningu: „*Við ákvörðun vaxta er einkum horft til vaxta sem ákvarðaðir eru af Seðlabanka Íslands, ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréfum*



á markaði, sögulegri og væntanlegri verðbólgu, vaxtakjara á markaði fyrir sambærileg lán og áhættumats sjóðsins.“

Með þessari viðbót sé lántaki upplýstur um þær breytur sem áhrif hafi (eða geti haft) til hækkunar eða lækkunar á hlutfalli vaxtanna. Lántaka megi þá jafnframt vera ljóst að breytingar á þessum þáttum geti leitt til breytinga á vöxtum skuldabréfsins. Með því sé að mati sjóðsins fullnægt skilyrðum 34. gr. laga nr. 118/2016.

Í niðurlagi bréfsins segir að eins og að framan sé rakið hafi lán Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til sjóðfélaga ávallt verið með þeim skilmálum að vextir taki breytingum eftir nánari ákvörðun stjórnar þegar um lán með breytilegum vöxtum sé að ræða. Komi það jafnan skýrt fram í texta skuldabréfsins að baki láninu. Til grundvallar ákvörðun stjórnar liggi ævinlega faglegt mat, eins og frekari grein sé gerð fyrir að framan.

Eins og ítarlega sé rakið í bréfinu grundvallaðist ákvörðun stjórnar lífeyrissjóðsins í maí sl. um nýtt vaxtaviðmið á verðtryggðum lánnum með breytilegum vöxtum á því að það vaxtaviðmið sem stuðst hafi verið við hafi ekki lengur verið raunhæft. Eðli málsins samkvæmt hafi því verið nauðsynlegt að endurskoða vaxtaviðmiðið. Ákvörðun stjórnar þar að lútandi sé byggð á málefnalegum sjónarmiðum, jafnræði og skilgreindum viðmiðum út frá neytendasjónarmiði. Að mati Lífeyrissjóðs verzlunarmanna byggi hún á fullnægjandi lagagrundi.

3.

Í bréfi Neytendastofu til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, dags. 27. september 2019, er tekið fram að hvorki í lögum um neytendalán né lögum um fasteignalán til neytenda sé tekin afstaða til þess á hvaða forsendum lánveitendur eigi eða megi byggja vaxtaákvörðanir eða ákvörðanir um breytingar á vöxtum. Slíkt sé alfarið í höndum lánveitenda og geti t.d. verið eðlilegt að vaxtaákvörðanir lífeyrissjóða annars vegar og fjármála fyrirtækja hins vegar byggi á ólíkum sjónarmiðum og forsendum. Í öllum tilvikum, þ.e. lögum nr. 121/1994, nr. 33/2013 og 118/2016, sé gerð skýr krafa um að lánveitandi geri í skilmálum láns sem beri breytilega vexti grein fyrir því hvaða forsendur ráði breytingum á vöxtum. Vaxtabreytingar á samningstíma séu því eingöngu takmarkaðar af þeim forsendum sem lánveitandi hafi sett sér og tilgreint í skilmálum láns samnings. Með gildistöku laga nr. 118/2016 hafi komið fram skilyrði um að vaxtaákvörðun sem byggi á viðmiðunargengi, vísitölum eða viðmiðunarovöxtum skuli vera skýrir, aðgengilegir, hlutlægir og unnt að sannreyna bæði fyrir aðila samnings og Neytendastofu.

Með hliðsjón af ofangreindu komi ekki til álita hvort ákvörðun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um breytingu á vaxtaviðmiðum hafi verið réttlætanager, heldur komi til skoðunar hvort breytingin eigi sér stöð í skilmálum láns samninga þannig að sjóðnum hafi verið heimilt að gera slíka breytingu. Þá muni Neytendastofa jafnframt taka til skoðunar hvort skilyrði 34. gr. laga nr. 118/2016, f. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 og 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, eftir því sem við á, hafi verið fullnægt með skilmálum samninganna.



Við skoðun á þeim samningum sem fylgdu svarbréfi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna telji Neytendastofa koma til álita að þeir skilmálar sem samkvæmt bréfi sjóðsins var notast við á tímabilinu 14. desember 2000 – 1. nóvember 2013 uppfylli ekki skilyrði 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 enda einu forsendur fyrir heimild til vaxtabreytingar tilvísun til ákvörðunar stjórnar. Að sama skapi telji stofnunin koma til álita að þeir skilmálar sem samkvæmt bréfi sjóðsins hafi verið notast við á tímabilinu 1. nóvember 2013 – 1. apríl 2017 uppfylli ekki skilyrði f. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 þó bætt hafi verið við skilmálann frá fyrra tímabili að stjórn sé heimilt að miða vaxtaákvörðun við viðmiðunargengi, tiltekna viðmiðunarvexti eða vísitölu að bættu álagi, enda komi engar forsendur fram um það á hverju stjórn geti miðað ákvörðun sína.

Hins vegar telji stofnunin skilmála sem samkvæmt bréfi sjóðsins hafi verið notast við á tímabilinu 1. apríl 2017 – 23. maí 2019 almennt til þess fallna að uppfylla skilyrði 34. gr. laga nr. 118/2016 enda sé þar gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem til álita komi við ákvörðun stjórnar um breytingu á vöxtum. Neytendastofa óski þó nánari skýringa á því til hvaða sjónarmiða stjórn sjóðsins líti við val á vaxtaviðmiði, þ.e. hvort þau sjónarmið sem tilgreind séu í skilmálanum við ákvörðun vaxta eigi þar einnig við. Hvað þennan skilmála varði komi einnig til álita hvort sjóðnum sé stætt á að gera þá breytingu sem tilkynnt hafi verið þann 23. maí sl., að því er forsendur breytinganna varði, með tilliti til skilmálanna.

Í bréfinu er vísað til þess við skoðun á skilmálum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, að því er vaxtabreytingar varði, telji Neytendastofa tilefni til að vekja athygli sjóðsins á ákvæðum 13. gr. laga nr. 33/2013 og 35. gr. laga nr. 118/2016, fyrir samninga á tímabilunum 1. nóvember 2013 – 1. apríl 2017 og 1. apríl 2017 – 23. maí 2019. Í báðum tilvikum sé tiltekið að vaxtabreytingar verði tilkynntar á vef sjóðsins eða með öðrum opinberum hætti eftir ákvörðun stjórnar en í ofangreindum ákvæðum laga nr. 33/2013 og nr. 118/2016 er gerð krafa um að neytendum séu tilkynntar slíkar breytingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Telji Lífeyrissjóður verzlunarmanna vefsíðu sjóðsins vera varanlegan miðil í skilningi t. liðar 5. gr. laga nr. 33/2013 og 20. tölul. 4. gr. laga nr. 118/2016 óski Neytendastofa eftir skýringum sjóðsins þar um.

Neytendastofa vilji jafnframt vekja athygli sjóðsins á ákvæði 3. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994, sem tók gildi 11. júní 2008. Með ákvæðinu hafi verið tekin upp upplýsingaskylda á lánveitendur vegna breytinga á gjaldtöku tengt lánsamningum. Neytendastofa óski upplýsinga um hvort og þá með hvaða hætti hafi verið gripið til aðgerða í tilefni lagabreytingarinnar fyrir samninga á tímabilinu 14. desember 2000 – 1. nóvember 2013.

Hvað ósk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um afstöðu Neytendastofu til þess hvort tilgreind breyting á opinberri birtingu forsendna vaxtaákvörðunar sé til bóta m.t.t. neytendasjónarmiða þá bendi Neytendastofa á að samkvæmt áður nefndum ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, f. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 og 34. gr. laga nr. 118/2016 sé hér mögulega um að ræða



forsendur sem sjóðnum beri að tilkynna neytendum um í skilmálum lánessamninga og skortur á slíkum upplýsingum í skilmálum verði ekki leiðréttur með opinberri tilkynningu. Að því sögðu telji Neytendastofa ávallt til bóta að neytendum séu veittar skýrar og greinargóðar upplýsingar um þær forsendur og þau sjónarmið sem áhrif geti haft í samningsbandinu.

4.

Svar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna barst með bréfi, dags. 6. nóvember 2019. Í bréfinu er bent á að ákvæði laga nr. 121/1994, 33/2013 og 118/2016 og skýringar í greinargerð með þeim séu ekki samhljóða. Eigi það einnig við varðandi ákvæði um vexti og breytingar á þeim. Að mati Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sé því ekki hægt að skýra ákvæði laganna öll á sama hátt heldur verði að skoða ákvæði þeirra hvert fyrir sig. Það sé því ekki sjálfgefið að hægt sé að gera sömu kröfur til lánessamninga sem ekki falli undir sömu lög. Einnig hljóti að þurfa að veita lánveitendum fasteignalána ákveðið svigrúm við samningu skuldabréfa sinna, einkum þeirra sem beri breytilega vexti, þar sem iðulega sé verið að lána til mjög langs tíma og ómögulegt að sjá fyrir alla þá þætti sem mögulega gætu haft áhrif á vaxtaákvæðanir í framtíðinni. Mikilvægast hljóti að vera að lántaka sé ljóst að vextir séu breytilegir og síðan að ákvæðanir um breytingu á vöxtum séu málefnalegar.

Því telji Lífeyrissjóður verzlunarmanna mikilvægt að Neytendastofa skoði málið heildstætt. Í stefnu Neytendastofu eins og hún sé birt á heimasíðu stofnunarinnar segi meðal annars að „*stjórnvaldsúrræðum skuli beitt aðeins þegar nauðsyn krefur svo unnt sé að tryggja lögvarin réttindi neytenda varðandi öryggismál og neytendavernd almennt.*“ Í framangreindu erindi Neytendastofu komi hins vegar fram að stofnunin muni ekki taka efnislega afstöðu til þess hvort ákvörðun Lífeyrissjóðsins um breytingu á vaxtaviðmiðum hafi verið réttlætanleg, heldur einungis skoðað hvort breytingin eigi sér stoð í skilmálum lánessamninganna, þ.e. einungis verði litið til formsins. Lífeyrissjóður verzlunarmanna velti því upp hvort þessi afstaða Neytendastofu sé í fullu samræmi við stefnu stofnunarinnar þar sem það geti verið vandkvæðum bundið að leggja mat á hvort nauðsyn krefji að stjórnvaldsúrræðum skuli beitt ef eingöngu eigi að horfa til forms en ekki efnis. Þess sé farið á leit við Neytendastofu að það verði metið nánar.

Dómstólar hafi í sínum úrlausnum sem varði túlkun á ákvæðum laga um neytendalán ávallt litið heildstætt á málin þannig að kröfur um form hafi ekki verið túlkaðar bókstaflega heldur eftir aðstæðum hverju sinni. Vilji Lífeyrissjóður verzlunarmanna benda m.a. á eftirfarandi dóma framangreindu til stuðnings:

Hrd. 160/2015 – Gunnar V. Engilbertsson gegn Íslandsbanka hf.

Tilteknar upplýsingar ekki í lánessamningi þrátt fyrir kröfur 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 en veittar samhliða. Talið fullnægjandi.

Hrd. 844/2017 – Landsbankinn hf. gegn Önnu H. Sveinbjörnsdóttur



Ekki skriflegur samningur um yfirdrátt þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga nr. 121/1994 né heldur veittar upplýsingar samkvæmt 3. gr. laganna. Lántaki gerði aldrei athugasemd og kjör ekki frábrugðin því sem almennt tíðkuðust á markaði. Samningur gildir.

Lrd. 238/2018 – Bjarni Snæbjörn Jónsson gegn Landsbankanum hf.

Landsbankinn veitti ekki tilskyldar upplýsingar samkvæmt lögum nr. 121/1994 en metið að lántaki hafi mátt vita um þau atriði sem bankanum bar að upplýsa um. Samningur gildir.

Í stefnu Neytendastofu segi jafnframt að stofnunin skuli hafa virkt frumkvæðiseftirlit og stuðla að upplýsingagjöf til aðila í atvinnulífi svo til verði „*gegnsær og réttlátur markaður*“. Í þessu sambandi vilji lífeyrissjóðurinn benda á að Neytendastofa hafi aldrei (né heldur aðrir eftirlitsaðilar) gert athugasemd við skilmála sjóðfélagalána Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Ferli vaxtabreytinga hafi enda ávallt verið gagnsætt og ekki hægt að halda öðru fram en kjörin hafi verið réttlát enda með því lágsta sem hafi boðist á markaði hverju sinni. Í bréfi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna þann 1. ágúst sl. hafi aðferðafræðum stjórnar sjóðsins við síðustu vaxtaákvörðun verið lýst. Varla verði öðru haldið fram en hún sé málefnaleg og rökstudd. Þá séu ákvarðaðir vextir enn með því lágsta sem bjóðist á markaði. Lífeyrissjóður verzlunarmanna bendi einnig á að skuldarar hafi ekki borið fram formlegar athugasemdir við sjóðinn varðandi lögmæti vaxta lána með verðtryggðum breytilegum vöxtum eða breytingar á þeim. Eigi það við einnig eftir að þeim hafi verið tilkynnt um umrædda vaxtabreytingu stjórnarinnar frá maí sl.

Jafnvel þó hægt væri að halda því fram að ákvæði tiltekinna skuldabréfa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem beri breytilega vexti uppfylli ekki samkvæmt ströngustu túlkun á orðanna hljóðan skilyrði tiltekinna greina framangreindra laga um neytendalán verði ekki fram hjá því litið að það sé skýrt kveðið á um breytilega vexti í texta skuldabréfanna, vextir hafi ávallt tekið breytingum í samræmi við breytingu á því vaxtaviðmiði sem stjórn sjóðsins hafi ákveðið á hverjum tíma, þróun vaxta hafi almennt verið lántakendum hagstæð og hafi lántakendur ekki gert formlegar athugasemdir við lífeyrissjóðinn um lögmæti vaxtaákvæðana. Þá hafi legið fyrir frá upphafi að það vaxtaviðmið sem stjórn sjóðsins miði við, HFF150434, myndi renna sitt skeið á enda og það tæki því breytingum enda sé sá skuldabréfaflokkur á gjalddaga árið 2034 sem sé á undan lokagjalddaga verulegs hluta sjóðfélagalána lífeyrissjóðsins. Slíkt ætti ekki að koma lántakendum, sem sömdu um að lán þeirra bæru breytilega vexti, á óvart né vera brot á rétti þeirra sem neytendur enda ákvörðun um þá vexti sem komu í staðinn tekin á málefnalegan hátt s.s. áður segir. Lántakendur hafi átt að geta séð fyrir og haft réttmæta ástæðu til að ætla að vextir tækju breytingum.

Í lögum nr. 33/2013 og nr. 118/2016 komi fram að Neytendastofa geti gripið til aðgerða gegn aðilum sem brjóti í bága við ákvæði tiltekinna kafla laganna. Þar segi jafnframt að aðgerðir Neytendastofu geti falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Lífeyrissjóður verzlunarmanna telji að það geti varla talist rökrétt gagnvart lánveitendum að binda hann við tiltekið vaxtaviðmið sem sannanlega út frá öllum hlutlægum mælikvörðum sé orðið óskilvirkt,



eins og rakið sé í fyrra svári. Því til viðbótar megi nefna að vaxtaviðmiðið muni eðli málsins samkvæmt renna sitt skeið á enda áður en stór hluti útistandandi sjóðfélagalána sjóðsins, með verðtryggða breytilega vexti, sé á lokagjalddaga. Lántakendur geti heldur ekki haft réttmætar væntingar til þess. Þá verði það í flestum tilvikum lántakendum í óhag komist Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að Lífeyrissjóði verzlunarmanna hafi verið óheimilt frá upphafi að breyta vöxtum á skuldabréfum sínum á þeim grundvelli að texti skuldabréfsins sé ekki í samræmi við texta laganna enda ætti þá tilgreind vaxtaþróseta í hverju skuldabréfi að gilda sem myndi að óbreyttu leiða til mun hærri vaxta sjóðfélagalána en nú sé í boði og á hverjum tíma. Eðlileg niðurstaða hljóti að vera að lífeyrissjóðnum sé heimilt að taka ákvörðun um breytingu á vöxtum en hugsanlega með tilteknum skilyrðum hvað varði lántakendur þeirra skuldabréfa sem möguleg uppfylli ekki ströngustu lagaskilyrði.

Hvað varði skuldabréf sjóðsins sem notast var við á tímabilinu 1. apríl 2017 – 23. maí 2019 óski Neytendastofa eftir nánari skýringum á því hvort þau sjónarmið sem stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna líti til þegar tekin sé ákvörðun um vexti sé í samræmi við þau sjónarmið sem tilgreind séu í skilmálum skuldabréfsins. Í skilmálunum segi:

„Við ákvörðun vaxta er einkum horft til vaxta sem ákvarðaðir eru af Seðlabanka Íslands, ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréfum á markaði, sögulegrar og væntrar verðbólgu, vaxtakjara á markaði fyrir sambærileg lán og áhættumat sjóðsins.“

- 1) Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa myndi grunn að vaxtakjörum allra verðtryggðra lána á Íslandi.
- 2) Við ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisbréfa bætist vaxtaálag sértryggðra skuldabréfa viðskiptabankanna. Þau bréf séu tryggð með veði í dreifðum íbúðalánasöfnum bankanna og séu því að nokkru leyti með sambærilega eiginleika og sjóðfélagalán. Ávöxtunarkrafa sem fjárfestar geri til slíkra bréfa myndi því grunn fyrir verðlagningu sjóðfélagalána. Sértryggð skuldabréf bankanna hafi það fram yfir sjóðfélagalán að undirliggjandi veðpottur samanstandi af þúsundum lána og sé bankanum skylt að skipta út lánunum í vanskilum og setja ný inn í staðinn ef skilyrði um veðþekju eigi á hættu að vera brotin. Ef undirliggjandi lánasafn dugi ekki til að greiða af sértryggðu bréfunum verði eftirstöðvarnar að almennri kröfu á hendur viðkomandi viðskiptabanka.
- 3) Við ákvörðun vaxta sjóðfélagalána framkvæmi sjóðurinn áhættumat þar sem m.a. sé lagt mat á skuldaraálag sem endurspeglir þá auknu áhættu sem sjóðurinn taki við lán til einstaklings umfram það að eiga sértryggð skuldabréf og seljanleikaálag til að endurspegla illseljanleika sjóðfélagalána samanborið við skráð bréf.

Svo sem farið hafi verið yfir í fyrra bréfi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og ítrekað hafi komið fram hér að framan hafi viðskipti með skuldabréfaflokkinn HFF150434 verið takmörkuð og þar af leiðandi verðmyndum óskilvirk og endurspeglir vextir skuldabréfaflokksins HFF150434 því ekki nægjanlega vexti á markaði. Það hafi því verið mat stjórnar sjóðsins að nauðsynlegt væri að hverfa frá því viðmiði. Við ákvörðun um vexti hafi verið fylgt framangreindri aðferðafræði



sem sé í samræmi við þau sjónarmið sem fram komi í skilmálum þeirra skuldabréfa sem notast hafi verið við á tímabilinu 1. apríl 2017 – 23. maí 2019. Með hliðsjón af framangreindu verið því ekki talið að stjórn lífeyrissjóðsins hafi ekki verið stætt á að gera umræddar breytingar.

Hvað varði síðustu athugasemd í bréfi Neytendastofu þá hafi skuldurum verið send tilkynning með pósti um fyrirhugaða vaxtabreytingu og tilkynning sett inn á heimasvæði skuldara á sjóðfélagavef lífeyrissjóðsins þar sem það sé aðgengilegt skuldurum.

Hvað upplýsingar um breytingar á breytilegum verðtryggðum vöxtum varði þá séu þeir birtir á vef sjóðsins. Þar geti neytandi afritað upplýsingarnar. Þá séu þessar upplýsingar með þeim hætti að hægur vandi sé að staðreyna þær, á grundvelli opinberra upplýsinga, yfir þann tíma þegar vextir tóku breytingum á grundvelli skuldabréfaflokksins HFF150434 að viðbættu 0,75 prósentustiga álagi. Því til viðbótar megi nefna að afrit sé tekið af vefnum á vegum Landsbókasafnsins og það aðgengilegt á vef safnsins, www.vefsafn.is. Á árabílinu 2008 til 2018 hafi afrit verið tekið um þrisvar til tíu sinnum á ári og 18. og 19. janúar sem og 28. og 29. janúar í ár.

Neytendastofa vísi í bréfi sínu til breytinga á lögum nr. 121/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 63/2008. Með ákvæðinu var tekin upp upplýsingaskylda á lánveitendur vegna breytinga á gjaldtöku tengdri lánasamningum. Lífeyrissjóður verzlunarmanna vilji taka fram að eina gjaldtakan, tengd þeim lánum sem um ræðir, sé greiðslugjald sem sé nú 140 kr. fyrir hverja tilkynnta greiðslu. Gjaldið hafi ekki hækkað frá árinu 2006. Komi til þess að breytingar verði gerðar á gjaldinu yrði tilkynningu hagað í samræmi við 3. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994. Gjald vegna skjalagerðar við lántöku og skilmálabreytingar sé aðgengilegt á vef sjóðsins og ávallt lögð áhersla á að stilla þeirri gjaldtöku í hóf.

5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 19. nóvember 2019, var Lífeyrissjóði verzlunarmanna tilkynnt um lok gagnaöflunar málsins.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa óskað skýringa og athugasemda Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um skilmála veðskuldabréfa sjóðsins sem snúa að breytingum vaxta. Neytendastofu bárust ábendingar í tilefni tilkynningar frá lífeyrissjóðnum um breytingu á vöxtum og lánareglum. Til álita kemur í málinu hvort skilmálar skuldabréfa sjóðsins uppfylli skilyrði laga og hvort breyting á viðmiði ákvörðunar um breytingu vaxta eigi sér stöð í skilmálum. Þá óskaði Neytendastofa undir rekstri málsins eftir skýringum um hvernig tilkynningum sé háttað með það að leiðarljósi hvort skilyrðum um varanlegan miðil sé fullnægt. Í ljósi skýringa



Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um að tilkynningar séu m.a. sendar með pósti telur Neytendastofa ekki tilefni til að taka þann þátt málsins til frekari skoðunar.

Í skýringum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kemur m.a. fram að viðmið breytilegra vaxta sem hingað til hafi verið notast við sé ekki nothæft lengur enda endurspegli viðkomandi skuldabréfaflokkur ekki lengur eðlilegan verðtryggðan vaxtaferil, m.a. vegna takmarkaðra viðskipta með bréfin. Því taki stjórn nú ákvörðun um breytingu á vöxtum út frá viðurkenndri aðferðafræði við verðlagningu vaxta þar sem tekið er tillit til áhættuþátta sem bætist við tiltekið skuldabréf þegar ekki er um ríkistryggingu að ræða. Álag á grunnvexti samanstandi af reiknuðu álagi, m.t.t. sértryggðra skuldabréfa, skuldaraálagi, seljanleikaálagi, uppgreiðsluálagi og umsýsluálagi. Markmiðið hafi verið að móta eins hlutlægan grunn og kostur hafi verið. Ákvörðunin gildi bæði fyrir útistandandi lán og ný lán auk þess sem tekin hafi verið upp sambærileg aðferðafræði við verðlagningu sjóðfélagalána með föstum verðtryggðum vöxtum annars vegar og breytilegum verðtryggðum vöxtum hins vegar. Með því gæti sjóðurinn betur samræmis við verðlagningu lánanna.

2.

Í gögnum málsins hefur verið vísað til ákvæða 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, f. liðar 2. mgr. 12. gr. og 13. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, og 34. og 35. gr. laga nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda, eftir því sem við getur átt á hverjum tíma. Þá koma til álita skilgreiningar varanlegs miðils skv. t. lið 5. gr. laga nr. 33/2013 og 20. mgr. 4. gr. laga nr. 118/2016.

Í lögum nr. 121/1994 er m.a. fjallað um upplýsingaskyldu lánveitanda gagnvart lántaka við neytendalán. Fyrir fasteignalán eiga lögin við um samninga sem gerðir voru á tímabilinu frá og með 11. janúar 2001 til 1. nóvember 2013. Ákvæði 6. gr. laganna fjallar um þær upplýsingar sem lánveitanda ber að veita neytanda við gerð lánsamnings. Í 1. mgr. ákvæðisins eru tiltaldar þær upplýsingar sem veita skal. Þá segir í 1. málsl. 2. mgr. 6. gr.:

„Ef breyta má lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum skal lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geta orðið. [...]“

Ákvæði 9. gr. laganna er svohljóðandi:

„Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.“



Skv. ákvæðinu er aðilum lánessamnings, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., heimilt að semja um breytilega vexti að uppfylltum þeim skilyrðum að tilgreint sé hverjir vextir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.

Með gildistöku laga nr. 33/2013 voru lög nr. 121/1994 felld úr gildi. Í lögum nr. 33/2013 er m.a. fjallað um upplýsingaskyldu lánveitanda gagnvart lántaka við neytendalán. Fyrir lánessamninga með veði í fasteign neytenda eiga lögin við frá og með 1. nóvember 2013 til 1. apríl 2017. Í 12. gr. laganna er fjallað um upplýsingar sem skulu koma fram í lánessamningi og eru í 2. mgr. ákvæðisins tildar, í 21 staflaðum, þær upplýsingar sem veita skal. Samkvæmt f. lið 2. mgr. 12. gr. skal í lánessamningi koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt:

„útlánsvextir, skilyrði um beitingu þeirra og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem geta haft áhrif á upphaflega útlánvexti, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtum; gildi mismunandi útlánsvextir við miðsmunandi aðstæður skal veita áður nefndar upplýsingar um þá alla,“

Í 13. gr. laga nr. 33/2013 er fjallað um upplýsingar um útlánsvexti og er ákvæðið svohljóðandi:

„Upplýsa skal neytanda um allar breytingar á útlánsvöxtum, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, áður en breyting tekur gildi. Í upplýsingum skulu koma fram þær fjárhæðir sem greiða skal eftir gildistöku nýrra útlánsvaxta og, ef fjöldi eða tíðni greiðslna breytist, upplýsingar um það. Neytandi skal að jafnaði upplýstur um breytingar með 30 daga fyrirvara.

Samningsaðilar geta þó komið sér saman um það, í lánessamningi, að veita skuli neytanda upplýsingar skv. 1. mgr., með ákveðnu millibili þegar breytingar á útlánsvöxtum eru af völdum breytinga á viðmiðunargengi, viðmiðunarvöxtum eða vísitölum og upplýst er um hið nýja viðmið opinberlega á viðeigandi hátt og það gert lántaka aðgengilegt hjá lánveitanda“

Fasteignalán til neytenda voru felld utan gildissviðs laga nr. 33/2013 með gildistöku laga nr. 118/2016 sem fjalla um réttindi neytenda og skyldur lánveitanda, m.a. upplýsingaskyldur, í tengslum við fasteignalán. Lögin eiga við um samninga sem gerðir eru frá og með 1. apríl 2017. Fjallað er um lán með breytilegum vöxtum í 34. gr. laganna og er ákvæði 1. mgr. svohljóðandi:

„Ef í samningi um fasteignalán er kveðið á um að byggt sé á viðmiðunargengi, vísitölum eða viðmiðunarvöxtum við ákvörðun breytilegra vaxta er lánveitanda aðeins heimilt að notast við viðmiðunargengi, vísitölur eða viðmiðunarvexti sem eru skýrir, aðgengilegir, hlutlægir og unnt að sannreyna, bæði fyrir aðila samnings og Neytendastofu. Byggist ákvörðun um breytingu á vöxtum ekki á viðmiðunargengi, vísitölum eða viðmiðunarvöxtum skal í samningi um fasteignalán greint frá skilyrðum og málsmeðferð við breytingu á vöxtum.“



Þá er í 2. mgr. kveðið á um að lánveitandi skuli varðveita upplýsingar um sögulega þróun viðkomandi vísitalna og viðmiðunarvaxta, annarra en þeirra sem ákvarðaðar eru og birtar af opinberum aðila. Samkvæmt umfjöllun um ákvæði 34. gr. í greinargerð með frumvarpi til laganna byggir 2. málsl. 1. mgr. á f. lið 4. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2013. Því sé með ákvæðinu lagt til að sömu reglur eigi við og samkvæmt gildandi rétti hvað varði þær upplýsingar sem lánveitandi skuli veita neytendum um það við hvaða aðstæður vextir geti breyst.

Fjallað er um upplýsingar um breytingar á útlánsvöxtum í 35. gr. laga nr. 118/2016. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru samhljóða 13. gr. laga nr. 33/2013. Þannig er í 1. mgr. um það fjallað að upplýsa skuli neytenda með 30 daga fyrirvara um allar breytingar á útlánsvöxtum, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, áður en breyting tekur gildi ásamt upplýsingum um áhrif vaxtabreytinga á endurgreiðslu lánsins. Þá er í 2. mgr. um það fjallað að þegar breytingar á útlánsvöxtum eru af völdum breytinga á viðmiðunargengi, viðmiðunarvöxtum eða vísitölum og upplýst er um nýtt viðmið opinberlega, geti sammingsaðilar komið sér saman um að slíkar upplýsingar séu veittar með ákveðnu millibili.

3.

Af hálfu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur verið á það bent að orðalag 9. gr. laga nr. 121/1994, annars vegar, og f. liðar 2. mgr. 12. laga nr. 33/2013 auk 34. gr. laga nr. 118/2016, hins vegar, sé ekki hið sama að því er upplýsingaskyldu lánveitanda um breytingu á vöxtum varðar. Þannig er annars vegar gerð krafa um að neytendur séu upplýstir um það með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist og hins vegar gerð krafa um að í lánsamningi komi fram skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtum. Neytendastofa telur að þrátt fyrir mun á orðalagi feli ákvæðin í sér sömu skyldur. Byggir það mat stofnunarinnar m.a. á niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 þar sem segir m.a.: „lánveitendur [bera] tiltekna skyldur samkvæmt lögum nr. 33/2013 gagnvart neytendum til að veita upplýsingar um vexti í aðdraganda lánsamnings og við gerð hans og eru þær skyldur ekki minni eftir áðurgildandi lögum nr. 121/1994“.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur einnig gert athugasemdir við þá afstöðu Neytendastofu að eingöngu komi til álita hvort formskilyrði viðkomandi laga séu uppfyllt. Bendir sjóðurinn á niðurstöður dómstóla í þremur málum því til stuðnings að líta beri til slíkra sjónarmiða. Vegna þessa vill Neytendastofa leggja áherslu á að stofnuninni er falið eftirlit með formkröfum laganna, m.a. um það hvort neytendum séu veittar fullnægjandi upplýsingar í samræmi við skyldur þeirra. Sjónarmið sem Lífeyrissjóður verzlunarmanna vísar til og koma til álita í niðurstöðum dóms Hæstaréttar í máli nr. 844/2017 og dóms Landsréttar í máli nr. 238/2018 eru vegna úrlausna á einkaréttarlegum kröfum, sem Neytendastofa hefur ekki lagaheimildir til að taka til umfjöllunar. Þannig getur ekki komið til álita við úrlausn mála hjá Neytendastofa hver huglæg afstaða tiltekins neytanda er, hvort einstökum neytendum hafi mátt vera ljóst hvernig vaxtabreytingum yrði háttað umfram skilmála o.þ.h. Hvað varðar dóm Hæstaréttar í máli nr. 160/2015 bendir Neytendastofa á að í úrlausnum áfrýjunarnefndar neytendamála og



Neytendastofu hefur verið viðurkennt að upplýsingar megi veita neytendum með fylgiskjölum við lánsamning og því verður ekki annað séð en að framkvæmd stofnunarinnar hafi verið í samræmi við niðurstöðu dómsins.

Skilmálar skuldabréfa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um vaxtabreytingar hafa tekið nokkrum breytingum frá gildistöku laga nr. 79/2000, þegar fasteignalán voru felld undir gildissvið laga um neytendalán nr. 121/1994. Þannig er í skilmálum skuldabréfa frá gildistíð þeirra laga aðeins kveðið á um að greiða skuli vexti af höfuðstól eins og þeir eru á hverjum tíma samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar og engin grein gerð fyrir því við hvaða aðstæður vextir breytist. Tilgangur ákvæða 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 er gagnsæi og að neytendur geti áttað sig á hvaða aðstæður komi til álita við ákvörðun um breytingu á vöxtum. Umræddur skilmáli, að höfðu hliðsjón af tilkynningu Lífeyrissjóðsins um vaxtabreytingu þann 24. maí 2019, uppfyllir ekki framangreind skilyrði 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994.

Skilmáli um vexti skuldabréfa sem gefin eru út á þeim tíma sem ákvæði laga nr. 33/2013 eiga við um bréfin eru að mati Neytendastofu skýr um heimild stjórnar sjóðsins til að miða vexti við viðmiðunargengi, tiltekna viðmiðunurvexti eða vísitölu auk þess sem nákvæmlega er skýrt frá því hverjir viðmiðunurvextir eru og hvert álag á þá er. Þá er gerð grein fyrir því hvernig vaxtabreytingar samkvæmt ákvörðun stjórnar, þ.m.t. um breytt vaxtaviðmið, verði birtar. Neytendastofa fær ekki séð að skilmálinn beri með sér hver skilyrði vaxtabreytinga eru. Í skýringum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna við meðferð málsins hefur m.a. komið fram að lántakendum hafi mátt vera ljóst að viðkomandi vaxtaviðmið myndi renna sitt skeið á enda, áður en til lokagjalddaga flestra skuldabréfanna kæmi, og því hafi neytendur átt að geta séð fyrir og haft réttmæta ástæðu til að ætla að vextir tækju breytingum.

Af umræddum skilmála er augljóst að Lífeyrissjóður verzlunarmanna gerir ráð fyrir að vaxtaviðmið þurfi að taka breytingum á lánstímanum og er kveðið á um að slík breyting sé háð ákvörðun stjórnar. Skilyrði fyrir breytingu eða skilyrði fyrir vali á nýju vaxtaviðmiði kemur þó ekki fram í skilmálum skuldabréfanna fyrr en með breyttum skilmálum í tilefni gildistöku laga nr. 118/2016. Að höfðu hliðsjón af tilkynningu sjóðsins um breytingu á vöxtum þann 24. maí 2019 uppfylla síðastnefndu skilmálarnir að mati Neytendastofu skilyrði 34. gr. laga nr. 118/2016 enda eru tilgreind skilyrði fyrir breytingum á vöxtum þannig að gagnsætt sé fyrir neytendur auk þess sem skylda er í 16. gr. laga nr. 118/2016 til að útskýra m.a. helstu einkanni sammingsins fyrir neytanda. Hvað skilmála skuldabréfa sem falla undir ákvæði laga nr. 33/2013 varðar telur Neytendastofa skilmálann veita upplýsingar um að vextir séu breytilegir, samanstandi af tilteknu og skýrlega tilgreindu vaxtaviðmiði auk álags á það. Hins vegar telur stofnunin það eina tilgreinda skilyrði fyrir breyttu vaxtaviðmiði, að það sé háð ákvörðun stjórnar, ekki gagnsætt fyrir neytendur og til þess fallið að veita nægar upplýsingar um skilyrði fyrir breytingu vaxta, sbr. f. liður 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013, samkvæmt tilkynningu þann 24. maí 2019.



Með vísan til alls ofangreinds hefur Lífeyrissjóður verzlunarmanna brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 sem og f. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013.

4.

Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 getur Neytendastofa gripið til aðgerða gegn aðilum sem brjóta í bága við ákvæði II. - VIII. kafla laganna og geta aðgerðir Neytendastofu falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum. Stofnuninni voru veittar sömu heimildir skv. 1. mgr. 25. gr. og 26. gr. laga nr. 121/1994 sbr. 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Eins og að framan greinir hefur Lífeyrissjóður verzlunarmanna brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 sem og f. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 við tilkynningu um vaxtabreytingu þann 24. maí 2019 með ófullnægjandi upplýsingum í skilmálum um það við hvaða aðstæður vextir breytist eða skilyrði við breytingu á vöxtum, eftir því sem við á.

Neytendastofa telur að breytingar sem gerðar hafa verið á vöxtum lánanna frá útgáfu skuldabréfanna hafi, heilt yfir, verið til hagsbóta fyrir neytendur enda hafa vextir lækkað verulega á gildistímanum. Í ljósi þessara kringumstæðna telur Neytendastofa að eins og hér stendur sérstaklega á verði stofnunin að ákveða aðgerðir vegna brotsins ekki eingöngu með hliðsjón af meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga heldur einnig hagsmunum neytenda. Með tilliti til þessa og í ljósi skýringa og afstöðu lífeyrissjóðsins, telur Neytendastofa eins og málum er hér háttáð ekki tilefni til frekari aðgerða t.d. með almennu banni eða fyrirmælum. Eftir stendur að hver neytandi getur leitað úrlausnar vegna skilmála í hans samningi, eins og tilefni er til, hjá lífeyrissjóðnum og, eftir atvikum, til sjálfstæðrar úrskurðanefndar eða dómstóla sem tekið getur á einkaréttarlegri kröfu vegna brotsins.



III.

Ákvörðunarorð:

„Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Kringlunni 7, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, og ákvæðum f. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, við tilkynningu um vaxtabreytingu þann 24. maí 2019 með ófullnægjandi upplýsingum í skilmálum um það við hvaða aðstæður vextir breytist eða skilyrði við breytingu á vöxtum, eftir því sem við á.

Eins og atvikum er háttáð telur Neytendastofa ekki tilefni til frekari aðgerða vegna brotsins.“

Neytendastofa, 19. desember 2019

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir